

smátt og smátt af hinum árlegu tekjum Höfða kirkju 336 rd. 93 sk. skuld, sem síra Ólafur átti hjá kirkjunni, útaf því, að hann árið 1862, skömmu áður en hann dó, hafði látið reisa þar timburkirkju af nýju. Og hafði þér lagt til með, samkvæmt uppástungu prófestsins, að beiðendunum verði endurgoldnir af tekjum kirkjunnar allt að 150 rd. af skuldinni, og að upphæð þessi verði smátt og smátt færð til sem gjald í ársreikningum kirkjunnar, þannig, að prófastur ákveði eptir tilliti til hinna nauðsynlegu gjalda kirkjunnar, hversu mikið skuli endurgoldið á hverju ári.

Útaf þessu skal yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar og til þess að þér kunngjörið það, að stjórnarráðið eptir atvikum ekki er mótfallið tillögum yðar í þessu efni.

1868.

6. júní.

24. Bréf dómsmálastjórnaðarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um lán handa Reykjavíkur kaupstað til vegagjörðar.

12. júní.

Í bréfi dagsettu 5. febrúarmán. þ. á. hafði þér, herra stiptamtmaður, beiðzt samþykkis dómsmálastjórnaðarinnar til þess, að þér samkvæmt bænarskrá frá bæjarstjórninni í Reykjavík til stiptamtsins hafði leyft, að taka megí að láni handa bæjarféluginu allt að 400 rd. með þeim kjörum, að í næstu 28 ár verði borgaðir 24 rd. á ári, bæði sem vextir af láninu og uppi innstæðuna, þannig, að það að þeim tíma liðnum verði alborgað; er svo til ætlað, að láni þessu verði varið til þess að gjöra veg um jörðina Hlíðarhús, sem er eign kaupstaðarins, og líka til þess, að gjöra ýmsar endurbætur á tæðri jörð, svo að þar megí úthluta lóðum til húsabygginga, sem svo mikill skortur er á í bænum. Og hafði þér takið fram í þessu efni, að einu leytinu að þessi ráðstöfun sé ekki að eins íbúum kaupstaðarins, sem nú eru, í hag, heldur einnig niðjum þeirra, og að þar á ofan sé búið að taka 800 rd. á fjárhagsáætlun bæjarfélagsins

1868.
12. júní. fyrir þetta ár til vegabóta, að öðru leytinu, að málefnið hafi þurft bráðra úrslita, þar sem bæjarstjórnin var búin að setja vegargjörðina til uppboðs, meðal annars uppá þann skilmála, að hún skyldi af hendi leyst innan 15. júlímán. þ. á.

Um þetta skal yður kunngjört yður til leiðbeiningar, að stjórnarráðið hér með fellst á aðgjörðir yðar í þessu efni.

15. júní. 25. Útdráttur úr bréfi dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um aukaútsvar kaupmanns á Akureyri.

Í bréfi 6. júlímán. f. á. beiddist dómsmálastjórnin álits yðar, herra amtmaður, um bréf frá bæjarfógetanum á Akureyri, er hingað hafði borizt beina leið, þar sem hann, útaf því að Popp kaupmaður hafði tekið sér bólfestu í kaupstaðnum sem verzlunarmaður, skömmu eptir að búið var að jafna niður aukaútsvarinu fyrir fardagaárið 1866—67, biður um úrskurð stjórnarráðsins um, hvort að bæjarfulltrúarnir í tæðum kaupstað eigi með að jafna útsvari til fátækra á þá, sem taka sér bólfestu í bænum, eptir að hinni almennu niðurjöfnun er aflokið, og ber sig sumpart upp undan því, að þér hafið skorazt undan að leggja úrskurð á málefni þetta, — — — — —
— —. Nú hafið þér, herra amtmaður, skýrt frá í bréfi 14. aprílmán. þ. á. að bæði sé það, að spurningu þeirri, sem greindur embættismaður hefir borið upp, verði ekki svarað á þann hátt, að gefin sé regla, er eigi við öll tilfelli, heldur verði í hvert skipti að fara eptir öllum atvikum, sem að liggja, og að þér heldur ekki hafið getað lagt úrskurð á það tilfelli, sem hér ræðir um, þar sem yður var ókunnugt um efnahag Popp kaupmanns og ástæður yfir höfuð að tala — — — —.

Um þetta skal yður, hvað málefnið sjálft snertir, til vitundar gefið, yður til leiðbeiningar og til þess að þér kunngjörðið það, að það liggur beinlínis í eðli álaganna til bæjar- og sveitarparfa,